

Orðanefndarmenn




Baldur Jónsson (f. 1930, d. 2009) er málfræðingur með meistaraþróf (mag. art.) í íslenskum fræðum frá Háskóla Íslands 1958. Fulbright-styrkþegi við nám í germönskum málvísindum í University of Michigan 1959. Lektor í íslensku í háskólunum í Gautaborg og Lundi 1960–1963. Sérfræðingur á Orðabók Háskólans 1963–1965. Lektor og síðar dósent í íslenskrí málfræði í Háskóla Íslands 1965–1985. Forstöðumaður Íslenskrar málstöðvar og prófessor 1985–1999. Stjórnaði tilraunaverkefni í máltölvun (tungutækni) 1973–1980. Formaður Íslenskrar málnefndar 1978–1988. Beitti sér fyrir stofnun Íslenskrar málstöðvar 1985 og Málræktarsjóðs 1991. Höfundur og ritstjóri margra rita um íslenskt mál og málfræði.



Sigrún Helgadóttir (f. 1945) er tölfræðingur með M.Sc.-próf frá háskólanum í Liverpool 1976. Starfaði við gagnavinnslu og tölfræðiútreikninga við Reiknistofnun Háskólans 1974–1978, Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1976–1984 og Hagstofu Íslands 1987–2000. Ráðgjafi um tölvuorðaförða í Ensk-íslenskrí orðabók Arnar og Örlygs. Ritstjóri fyrstu og annarrar útgáfu Tölvuorðasafns. Í stjórn Íslenskrar málnefndar 1989–2001. Hefur ritað greinar um málrækt, sérstaklega orðaförða tölvutækninnar í íslensk og erlend rit. Hefur starfað að tungutækni-rannsóknnum við Orðabók Háskólans frá 2002.

Þorsteinn Sæmundsson (f. 1935) er stjórnufræðingur með B.Sc. Honours-próf frá háskólanum í St. Andrews 1958 og doktorspróf frá Lundúnaháskóla 1962. Vann við segulmælingar og norðurljósarannsóknir hjá Háskóla Íslands frá 1963 til starfsloka 2005, lengst af sem deildarstjóri háloftadeildar Raunvísindastofnunar Háskólans. Hefur annast útreikning og útgáfu Almanaks Háskólans frá 1963. Ritstjóri Almanaks Þjóðvinafélagsins 1967–1978. Í stjórn Fulbright-stofnunar 1971–1983 og 1985–1987, tvisvar sem formaður. Beitti sér fyrir aðild Íslendinga að Norræna stjórnuvísindanaukanum og átti sæti í stjórn hans 1997–2005. Formaður orðanefndar Stjarnvísindafélags Íslands.



Örn S. Kaldalóns (f. 1945) er kerfisfræðingur frá IBM Education Center í London 1974. Sérfræðingur IBM á Íslandi í System/3x-tölvum 1974–1982. Stundaði kerfisprófanir hjá IBM í Kanada 1982–1983. Var yfirmaður Þýðingastöðvar Orðabókar Háskólans og IBM og sá um íslenskar málkröfur fyrir IBM á Íslandi 1984–1992. Starfaði hjá Nýherja 1992–2004, m.a. sem stjórnandi miðlægs tölvukerfis, sérfræðingur í EDI og Talsjá og fulltrúi gagnvart IBM vegna íslenskra þýðinga og málkrafna. Í stjórn Fagráðs í upplýsingatekni frá 1994 og fulltrúi þess í stjórn Icepro frá 1998.



Ritstjóri

Stefán Briem (f. 1938) er eðlisfræðingur með cand. mag.-próf frá Árósháskóla 1968. Framhaldsnám í tölvufræði við Albertaháskóla veturinn 1978–1979. Kennari í eðlisfræði, stjórnufræði og tölvufræði í Menntaskólanum við Hamrahlíð 1968–1986 og starfaði þar í Áfanganefnd sem lagði grunn að áfangakerfinu. Starfaði við tungutækni hjá Svörtu á hvítu, Orðabók Háskólans, Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytisins og Jóni Hjaltalín Magnússyni 1987–1995. Hefur einnig unnið á eigin vegum við rannsóknir og þróun vélrænna þýðinga frá því fyrir 1987. Kennði vélrænar þýðingar í Háskóla Íslands á haustmisseri 1987. Annaðist hlutdeild íslensku í alþjóðlega vélræna þýðingakerfinu DLT 1989–1993. Ritstjóri þriðju og fjórðu útgáfu Tölvuorðasafns. Er nafnkunnur skákmaður.

